

Mál nr. 138/2001

M

og

Vátryggingafélagið V v/skilmála slysátryggingar ökumanns.

Slys þegar ökumaður féll af vélsleða þ. 22.3. 2001 .

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ.5.7.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 366/01
3. Lögregluskýrsla dags. 22.3.2001 og 16.6.2001 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 23.7.2001.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann féll af vélsleða sem hann var að aka á æfingabraut til aksturs vélsleða. Í lögregluskýrslu segir að þetta hafi gerst á æfingabraut sem sé með stökkpöllum og gryfjum sem ýtt sé upp af jarðýtu eins konar þrautabraut eins og það er orðað og hafi M verið að stökkva á vélsleða sínum og ætlað að stökkva yfir tvo palla í einu. Í lögregluskýrslu frá 22.3.2001 er haft eftir M að hann hafi ætlað að stökkva af fyrsta palli yfir miðjupallinn en lent á honum og við það hafi komið mikið högg upp í öxl M en hann hafi bæði fengið sleðann upp á móti sér og fallið á hann en hann hafi lent á miðjupallinum og höggið því verið talsvert síðan hafi hann fallið af sleðanum og kútvilst og fundið mikinn sársauka í öxlinni. Haft er eftir M að alvanalegt sé að menn fari svona að í vélsleðaakstri á brautinni. Far sást í miðjustökkpalli eftir sleða M. Í lögregluskýrslu þ.16.6.2001 segir M að hann hafi í umrætt sinn misst jafnvægið á sleðanum og fallið niður þannig að öxl hans hafi komið niður á sleðann og kastast af sleðanum af nokkru afli og tekur fram að hann hafi ekki verið að æfa sig fyrir vélsleðakeppni eins og fram komi í fyrri lögregluskýrslu og verið vel hlífaður í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis M við stjórn vélsleðans þar sem hann hafi verið að æfa stökk á vélsleða af sérbúnum stökkpalli yfir annan til að lenda á þeim þriðja. V bendir á að bótaréttur geti fallið niður skv. 5.gr. alm. skilmála félagsins fyrir slysátryggingu ökumanns ef hann veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi sbr. 18.gr.l. um vátryggingasamninga nr. 20/1954 og telur félagið að fella beri niður bætur til M vegna slyssins eða a.m.k. skerða þær verulega vegna þessa stórkostlega gáleysis ökumanns. Þá bendir V á 10.gr. vátryggingaskilmála fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja varðandi skyldu til að tilkynna um allar breytingar á notkun ökutækis sem geti falið í sér aukna áhættu á tjóni og hverju það varðar að tilkynna slíkt ekki. Lögmaður M telur M hvorki hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi né að jafna megi akstri hans í umrætt sinn til áhættutöku. Þá bendir lögmaðurinn á að umrætt tjón heyri undir almenna skilmála fyrir slysátryggingu ökumanns og eiganda sem farþega og um vátrygginguna gildi l. nr. 20/1954 og vísar lögmaðurinn í 5.gr. þeirra laga. Lögmaður M bendir síðan á að í umrætt sinn hafi M ekki ekið vélsleðanum hratt auk þess sem hann hafi verið á stað þar sem hann var aðstæðum kunnur og því fráleitt að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Lögmaðurinn vísar síðan sérstaklega varðandi tildrög slyssins til skýrslu M fyrir lögreglu þ. 16.júní 2001.

Álit.

Í umrætt sinn ók M á æfingabraut og var akstur hans með þeim hætti að hann var kominn út fyrir eðlilega notkun vélsleðans og sýndi með akstri sínum af sér stórkostlegt gáleysi. M á því ekki kröfu á því að fá tjón sitt bætt úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

Bótaréttur M er ekki fyrir hendi úr tryggingu hans hjá V.

Reykjavík 17.8.2001

Jónína Lárusdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.